

**Nd. 490. Frumvarp til laga [108. mál]**

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

**1. gr.**

80. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, verða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Sektir samkvæmt lögum þessum renna til ríkissjóðs.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja bifreiðareigandans eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.